

A2+ Munnlegt próf – sýnispróf

Inntökupróf í BA-nám í íslensku sem öðru máli og Íslenskustoð

Um prófið

- Munnlegt próf tekur u.þ.b. 10 mínútur.
- Í prófinu eru 3 verkefni.
- Áður en verkefnin byrja er stutt kynning.

Kynning

Þú svarar spurningum um þig sjálfa(n).

Dæmi um spurningar:

- Hvað heitirðu?
- Hvaða ár ertu fædd(ur)?
- Hvaðan ertu?

1 – Myndalýsing

Eintal: Þú lýsir mynd (2 mínútur).

Dæmi um mynd:



Dæmi um það sem þú getur talað um:

- Hvaða persónur eru á myndinni?
- Hvar er fólkið?
- Hvað er fólkið að gera?
- Hvaða hlutir eru á myndinni?
- Lýstu fólkinu (útlit/föt)

2 – Samtal

Samtal: Þú talar við prófdómarann (2–3 mínútur).

Dæmi um umræðuefni:

- Hvað gerir þú venjulega eftir vinnu/skóla?

Þú getur sagt frá því ...

- hvað þú gerir venjulega eftir vinnu/skóla og spurt prófdómarann hvað hann gerir.
- hvað þú gerðir í gær eftir vinnu/skóla og spurt prófdómarann hvað hann gerði.
- hvað þú ætlar að gera á morgun eftir vinnu/skóla og spurt prófdómarann hvað hann ætlar að gera.
- hvað þér finnst um daglega rúttínu þína eftir vinnu/skóla.

3 – Frásögn

Eintal: Þú segir frá (2–3 mínútur).

Dæmi um verkefni:

- Staður sem er mikilvægur fyrir mig

Punktar til að hjálpa þér:

- Lýstu staðnum.
- Hvað gerir þú á staðnum?
- Hvað líkar þér við staðinn og hvað líkar þér ekki?
- Af hverju er þetta mikilvægur staður fyrir þig?
- Notaðu samanburð ef þú getur: meira en/minna en/betra en/verra en ...